

Nd.

304. Tillaga

til þingsályktunar um breytingu á lögum nr. 18, 3. október 1903.

(Kosningarlögnum).

Flutningsmaður Matthías Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 3. október 1903, og leyfir sjer að benda á til athugunar:

- Að kjörseðlar ættu að vera úr stinum pappír og gegnstungnir í miðju svo auðvelt væri að leggja þá saman um gegnstunguna svo sem hin lokuðu brjefspjöld, er nú tíðkast.
- Að aðeins nafn eins frambjóðanda sje á hverjum seðli, og kjósandi fái því eins marga seðla og frambjóðendur eru margir.
- Að tveir sjeu atkvæðakassar, annar fyrir þá seðla, sem nafn þess eða þeirra frambjóðanda er á, sem kjósandi vill greiða atkvæði, en hinn fyrir þá seðla, er geyma nafn þess eða þeirra, er kjósandi hafnar.
- Að frambjóðandi viki sæti, ef hann á sæti í kjörstjórn.
- Að óheimilað sje, að talning atkvæða fari fram utan kjördæmis.